

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra  
ÍSL 503 / ÍSLE3BS05  
Vorönn / haustönn  
Kennari: XX

## Ljós og skuggar

Um veikindi Ljósu í samnefndri skáldsögu eftir Kristínu Steinsdóttur

Höfundur:  
Ritrún Skrifdal

**Rautt: rannsóknarspurning og tenging við hana í lokaorðum**

**Blátt: upplýsingar um innihald efnisgreina**

**Grænt: tengingar milli efnisgreina**

## **Inngangur**

Undanfarin ár hefur umræða um geðræn veikindi opnast, fleiri leita sér nú hjálpar og veikindin þykja ekki lengur skammarleg. Í sögunni *Ljósu* segir Kristín Steinsdóttir sögu ömmu sinnar sem uppi var um aldamótin 1900 og glímdi við andleg veikindi. Á þeim tíma var lítið vitað um geðsjúkdóma og það hvernig átti að bregðast við eða sjá um veika einstaklinga. Sagan segir frá Ljósu allt frá því hún er barn og til fullorðinsára. Snemma kemur í ljós að hún finnur fyrir vanlíðan sem hún á erfitt með að höndla en notar gjarnan líkingu við fugl í því samhengi. Hún verður ástfangin en fær ekki að giftast elskhuga sínum og veldur það henni mikilli sorg. Seinna giftist hún og eignast börn en samband hennar við eiginmanninn er stormasamt. **Hvað einkennir veikindi Ljósu, hvernig þróast þau og hvaða áhrif hafa þau á líf hennar og fjölskyldu?**

## **(efnisgrein um birtingarmynd veikindanna þegar Ljósa er barn)**

Ljósa býr við nokkuð góðar aðstæður sem barn. Faðir hennar hreppstjóri og fjölskyldan er ágætlega stæð. En veikindi hennar koma snemma fram. „Ég var ekki há í loftinu þegar hann gerði fyrst vart við sig. Fuglinn sem átti eftir að verða órjúfanlegur hluti af lífi mínu. [...] Af hverju fór hann að þrengja sér upp um hálsinn á mér? Reyna að kæfa mig. Varna mér svefns um nætur. Leggjast ofan á mig og kremja“ (bls. 7). Hún virðist skynja náttúruna og fleira í kringum sig óvanalega sterkt og **finnur stundum til óöryggis af minnsta tilefni.**

## **(efnisgrein um samband Ljósu og pápa)**

**Það sem veitir henni öryggi** þegar henni líður illa er faðir hennar sem alltaf er kallaður pápi í sögunni. Hún dáist að honum og í örmum hans er hún örugg. Þess vegna veldur það henni miklu hugarangri þegar hún kemst að því að hann kemur illa fram við móður hennar með því að halda við konur út um allar sveitir og eignast börn með mörgum þeirra. Ljósa er ósátt við þessa hegðun hans en hann er á sama tíma hetjan hennar og **sá sem hún vill alltaf vera hjá.**

## **(fyrsta áfallið og áhrif þess á þróun sjúkdómsins)**

Þegar hún verður ástfangin í fyrsta sinn upplifir hún mikla gleði og hamingju en þegar **pápi stíar þeim í sundur** upplifir hún djúpa sorg. Ástarsorgin er eitt af því sem hefur mikil áhrif á framvindu sjúkdómsins. Hún verður fyrir miklu áfalli og í kjölfarið fer hún að finna meira og meira fyrir sjúkdómnum. Hún fer að missa

veruleikaskynið oftast og sjá hluti sem ekki eru til staðar. Sem dæmi má nefna þegar hún spilar á orgelið hjá frú Poulsen í fyrsta sinn þá upplifir hún það mjög sterkt. „Á samri stundu hvarf litla stofan en ég sat í ljósheimum. Í sólargeislanum stóð Sveinn og spilaði á fiðlu“ (bls. 58). Þegar hér er komið við sögu er orðið ljóst að **veikindin muni hafa veruleg áhrif á líf hennar.**

### **(efnisgrein um birtingarmynd sjúkdómsins)**

**Smám saman kemur í ljós hvernig sjúkdómurinn fer að birtast reglubundið og á afdrifaríkari hátt.** Framan af virðast árstíðirnar hafa ákveðin áhrif á veikindin. Hún virðist stundum vera skárri yfir sumartímanna en verri á veturna. En það sem er mest einkennandi er hvernig það skiptast á tímabil þar sem hún er full af orku og ætlar að koma öllu í verk, þá er hún í svokallaðri maníu, og tímabil þar sem hún liggur í rúminu og kemst varla á fætur, þá leggst þunglyndið yfir hana. Í maníum þá ætlar hún sér of mikið og missir að lokum alla tengingu við raunveruleikann, ætlar að hitta látið fólk eða æða milli landshluta illa búin. Þegar það kemur fyrir reynir eiginmaður hennar, Vigfús, eða börn þeirra að koma henni til hjálpar **en þau standa í raun ráðþrota.**

### **(viðbrögð og úrræði fólksins í kringum hana)**

**Þar af leiðandi líður þeim einnig mjög illa vegna veikinda Ljósu.** Fjölskyldan veit ekki hvernig á að bregðast við, hvað þau geta gert til að hjálpa. Lítið var vitað um geðsjúkdóma, til að mynda ástæður, einkenni og hugsanlega lækningu. Þau reyna hvað þau geta en Ljósu er óútreiknanleg og er í raun þjárf mismunandi persónur. Sú sem hún er í raun og veru, sú sem liggur í rúmföst vegna þunglyndis og sú sem æðir um og ætlar sér fullkomlega óraunhæfa hluti. Erfitt er að samþykkja þá meðferð á Ljósu að loka hann inn í búri eða læstu herbergi en Vigfús virðist ekki hafa haft önnur ráð og grípur til þessara aðferða í örvæntingu sinni. **Veikindin virðast komin á það stig að ekki sé annað hægt að gera.**

### **(hvernig fer að lokum)**

Í lok sögunnar **virðist sjúkdómurinn hafa náð yfirhöndinni** í lífi Ljósu. Hún virðist hafa misst allt tímaskyn og veit ekki hvað börnin hennar eru gömul, hverjir eru dánir og hverjir lifa. Hún er orðin alveg ófær um að lifa eðlilegu lífi en á stund og stund þar sem henni líður þokkalega. Þegar hún deyr er hún loks laus úr innlokuninni og úr fangelsi sjúkdómsins. Dauðinn veitir henni frelsi sem hún hefur lengi þráð. Hún skynjar náttúruna í kringum sig, sér morgunroðann og heyrir í fuglunum. Hún fer heim, heim í höllina til pápa.

## Lokaorð

Það sem einkennir veikindi Ljósu er einkum tvennt. Annars vegar virðist veruleikaskynjun hennar alltaf hafa verið á reiki og það versnar með árunum. Hins vegar skiptast á mjög ólík tímabil hjá henni þar sem hún er til skiptis í maníum og þunglyndi. Eftir því sem árin færast yfir og kröfur til hennar verða meiri þá ágerist sjúkdómurinn þar til hann hefur í raun tekið öll völd.

Fjölskyldan hefur fá ráð til að takast á við aðstæðurnar en þau reyna að gera sitt besta. Veikindin hafa mikil áhrif á tilveru Vigfúsar og mótar í raun börnin og líf þeirra. Þannig er það líkast til í flestum tilvikum þegar geðræn veikindi skjóta upp kollinum. Þau hafa alltaf mikil áhrif á þá sem við þau glíma og fjölskyldur þeirra. Aðstæður eru mun betri í dag en þær voru í kringum aldamótin 1900 en enn má gera betur í að upplýsa fólk og ræða þessi mál á opinskáan hátt.\*

\*Víkkað út í lokin og endað á almennan hátt líkt og inngangur byrjaði.